



Tilmæli 16/2017

Fyrri skjalsnúmer	A 1693/holdbart
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin
Fylgiskjal	A 1693_holdbart – Nefndarálit um þingmannatillögu um samstarf um fjölgun eldsneytisstöðva

Samstarf um fjölgun eldsneytisstöðva

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 20. september 2017 eftirfarandi tilmæli í meðferð forsætisnefndar að tillögu norrænu sjálfbærninefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún eigi frumkvæði að verkefni sem styðji þróun og samræmingu áætlana í löndunum og fjármögnun við fjölgun áfyllingarstöðva fyrir vistvænar bifreiðar meðfram þjóðvegum sem tengja Norðurlöndin;

að hún láti hefja úttekt á því hvort og ef svo er hvernig Norðurlöndin geti sér til gagns átt samstarf um sameiginlega norræna lausn/staðal um rafhleðslustöðvar fyrir hraðhleðslu þeirra samgöngutækja, sem eru ekki rafbifreiðar (skip, ferjur, aðrar bifreiðar, vörubifreiðar, hópferðabifreiðar) með tilliti til víðtæks evrópsks samstarfs.

Kaupmannahöfn, 26. september 2017

Britt Lundberg

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs